

11. fundur skólaráðs – 28. febrúar 2023

Fundurinn hófst kl. 8:15

Mættir: Margrét Halldórsdóttir skólastjóri, Tómas Leifsson og Íris Huld Christersdóttir fulltrúar foreldra, Þorgeir Ragnarsson fulltrúi annarra starfsmanna. Íris Anna Randversdóttir og Sunna Dís Kristjánsdóttir fulltrúar kennara og Arnheiður Guðmundsdóttir fulltrúi grendasamfélagsins boðuðu forföll. Fulltrúar nemenda áttu ekki heimengt á fundinn.

Dagskrá:

1. Lögð fram drög að Skóladagatali 2023-2024. Samþykkt án athugasemda.
2. Lögð fram til kynningar nýjustu niðurstöður lesfimiþrófa. Niðurstöðurnar nokkuð góðar þar sem allir árgangar nema einn eru við eða yfir landsmeðaltali.
3. Rætt um foreldrasamstarf í víðu samhengi. Fram kom að fulltrúar foreldra eru ánægð með foreldrasamráðsfundi. Rætt um að hafa líðanfundir (að fyrirmynd Öldutúnsskóla) og byrja með þá í haust í einhverri mynd. Rætt um mikilvægi þess að foreldrar séu samstíga og upp kom upp hugmynd um að gera einhverskonar sáttmála líkt og Heimili og skóli hefur gefið leiðbeiningar um. Þá töldu foreldrar mikilvægt að hafa góðan fund með foreldrum 1. bekkina í upphafi vetrar og fara yfir það sem Fram undan er og ábyrgðina sem fylgir því að vera með barn í 1. bekk. Þar gæfist líka tími til að kynnast öðrum foreldrum og samræma ýmislegt eins og afmælisboð og fleira. Rætt um mikilvægi þess að skipuleggja foreldrasamstarf vel og mikilvægi þess að skólinn stæði vel við bakið á þeim sem eru í forsvari fyrir foreldrasamstarfið. Samtalinu verður haldið áfram í samráði við stjórn foreldrafélagsins.

Fundi slitið kl. 9:15